


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		
Teikningar og verkáætlanir		
TEH 303		
Kennsluáætlun vorönn 2010		

Nafn kennara:	<i>Halldór Torfi Torfason</i>	Sk.stöfun:	<i>HTT</i>
----------------------	-------------------------------	-------------------	------------

■ Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á teikningalestur og teikningar bygginga og mannvirkja úr steini og gleri. Farið er yfir vinnuteikningar varðandi aðalburðarvirki húsa, einkum þök. Sperrusnið og trjásneiðingarverkefni. Steypumót. Snúnir stigar, steinsteypa og tré. Nemendur kynnst grunnatriðum tölvuteikninga og notkun tölvutækni við miðlun uppdráttu og annarra hönnunargagna.

Áfanginn er eingöngu ætlaður húsasmiðum og byggist kennslan aðallega á verkefnavinnu auk þess sem nemendur læra um viðmót og uppbyggingu algengustu teikniforríta.

Áfangamarkmið:

Nemandi


- ✓ kunnir skil á steinsteypuvirkjum og klæðningu steinsteyptra útveggja
- ✓ þekki ákvæði reglugerðar um undirstöður bygginga og mannvirkja
- ✓ þekki ákvæði reglugerðar um útveggi, klæðningar þeirra og einangrun
- ✓ þekki grunnatriði járnendingar á steinsteypu og steinsteyptra stiga
- ✓ þekki fagheiti í aðaluppdráttum, lóða- og burðarvirkisuppdráttum
- ✓ geti lesið og unnið með teikningar af steinsteypuvirkjum og klæðningum
- ✓ þekki gerðir uppdráttu og teikninga og öll almenn teiknitákn
- ✓ geti lesið og skilið merkingar og verklýsingar á teikningum
- ✓ geti gert efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli uppdráttu
- ✓ hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna loftunar og einangrunar
- ✓ kynnist algengustu teikniforrítum á tölvu og þekki notkun þeirra við gerð og miðlun hönnunaruppdráttu
- ✓ geti teiknað einföld steinsteypuvirki og klæðningar á stein innanhúss og utan
- ✓ þekki teikniáðferðir og teiknireglur fyrir steypuvirki og klæðningar
- ✓ þekki stöðluð mál á steinveggjum, klæðningagrindum og einangrun
- ✓ geti gert rissmyndir og eftir atvikum notað fjarvídd til að sýna rýmisútfærslur
- ✓ geti gert vinnu- og deiliteikningar af steinsteypuvirkjum s.s. stigum

Námsefni:

Vinna verður með svipuðu móti og í fyrri áföngum, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma. Þessi áfangi verður þó unninn í tölvum og er gert ráð fyrir því að nemendur nái færni í AutoCad forritinu með vinnu við teikningarnar. Einnig verður unnið verkefni í höndum á plötu í byggingadeild.

Teiknuð verða þök og þakhlutar, grunnmyndir og útlit. Teiknuð verða steypumót og uppsláttur, snið í þök og veggj, steyptra og úr timbri.

Rifjaðar verða upp aðferðir við teikningu stiga og ýmsar aðferðir til samsetninga timburs. Ef tími vinnst til verður lífillega verður komið inn á járnateikningar. Einnig er gott að rifja upp aðferðir úr fyrri áföngum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sambykkt: HJS		
Síða 2 af 3		
Teikningar og verkáætlanir TEH 303 Kennsluáætlun vorönn 2010		

Nafn kennara:	<i>Halldór Torfi Torfason</i>	Sk.stöfun:	<i>HTT</i>
----------------------	-------------------------------	-------------------	------------

Vikuáætlun:

Vika	Námsefni	
2 – 7	Pök og þakvirki	
8 – 12	Steypumót og stigar	
14 – 17	Mannvirki úr steinsteypu og teikningalestur	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat:

Námsmat verður með þeim hætti að þeir nemendur sem ljúka öllum verkefnum á önninni **þurfa ekki** að þreyta lokapróf.

Annars gilda verkefni 70% og lokapróf 30%.

Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra fagtengdra áfanga

Ath:

Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma

Réttur til breytinga áskilinn


Janúar 2010

Dóri Torfa

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 3 af 3	Teikningar og verkáætlanir TEH 303 Kennsluáætlun vorönn 2010	

Nafn kennara:	<i>Halldór Torfi Torfason</i>	Sk.stöfun:	<i>HTT</i>
----------------------	-------------------------------	-------------------	------------